



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem greitt er framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. maí 2018 var lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. maí 2018, um viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem greitt er framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur, varðandi Waldorfskólann Lækjarbotnum, International School of Iceland, Barnaskóla Hjallastefnunnar og Grunnskólann Nú, Framsýn fyrir skólaárið 2018-2019. Greinargerð fylgir tillögunni. Auk þess lagt fram bréf Waldorfskólans Lækjarbotna, dags. 4. apríl 2018.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var samþykkt og vísað til borgarráðs með fimm atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Vinstri grænna situr hjá.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Ákvörðun um viðmið er tímabundin til 1. júlí 2019, fyrir þann tíma verður tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra ásamt greinargerð, dags. 7. maí 2018

Bréf Waldorfskólans Lækjarbotna, dags. 4. apríl 2018



## Bréf

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

**Efni: Tillaga um viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem greitt er framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2018-2019.**

Lagt er til að sett verði viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna til samræmis við eftirfarandi:

***Waldorfskólinn Lækjarbotnum:***

Skólaárið 2017-18 stunda 52 reykvískir nemendur nám í skólanum, sem er mesti fjöldi nemenda á sl. 10 árum. Núverandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda er 54, en skólinn óskar eftir að viðmið um hámarksfjölda verði hækkað um 10 nemendur og verði 64 nemendur skólaárið 2018-19. Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda skólaárið 2018-19 verði hækkað í 64 nemendur.

***International School of Iceland í Garðabæ:***

Skólaárið 2017-18 stunda 18 reykvískir nemendur nám í skólanum, sem er mestur fjöldi reykvískra nemenda í skólanum á sl. 10 árum. Núverandi viðmið um hámarksfjölda er 20 nemendur. Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna verði óbreytt skólaárið 2018-19, eða 20 reykvískir nemendur.

***Barnaskóli Hjallastefnunnar:***

Skólaárið 2017-18 stundar enginn reykvískur nemandi nám við skólann. Núverandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda er 10. Mestur fjöldi reykvískra nemenda í skólanum á sl. 10 árum eru 16 nemendur skólaárið 2013-14. Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda verði lækkað úr 10 í 5 nemendur skólaárið 2018-19. Barnaskóli Hjallastefnunnar hefur ekki andmælt því að viðmið verði lækkað.

## **Grunnskólinn NÚ, Framsýn:**

Skólaárið 2017-18 stunda 8 reykvískir nemendur nám í skólanum sem er annað rekstrarár skólans. Núverandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda er 15. Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda verði óbreytt skólaárið 2018-19, eða 15 nemendur.

### *Fyrirvarar og gildistími:*

Tekið er fram að með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélags. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun.

Í öllum tilvikum er lagt til að ákvörðun um viðmið verði tímabundin vegna skólaársins 2018-2019 eða til 1. júlí 2019 og að fyrir þann tíma verði tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu.

### **Greinargerð:**

Á 120. fundi skóla- og frístundaráðs þann 7. júní 2017 var samþykkt tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs í bréfi, dags. 1. júní 2017, til skóla- og frístundaráðs, um viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna í International School of Iceland, Waldorfskólanum Lækjarbotnum, Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ og grunnskólanum Nú Framsýn. Þann 15. júní 2017 samþykkti borgarráð erindið. Í öllum tilvikum var ákvörðun tímabundin til 1. júlí 2018 og að fyrir þann tíma verði tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu.

Með bréfi dags. 4. apríl 2018 óskaði Waldorfskólinn í Lækjarbotnum eftir því að hámarksviðmið um fjölda nemenda verði hækkað úr 54 í 64 nemendur skólaárið 2018-19.

Rök skólans fyrir beiðni um fjölgun nemenda sem greitt er framlag vegna eru þau að að fyrir liggja mikil aukning umsókna vegna barna með lögheimili í Reykjavík. Fjöldi umsókna vegna reykvískra barna á næsta skólaári sé kominn í 56 nemendur skólaárið 2018-19, en núverandi viðmið sé 54 nemendur.

Forsvarsmaður skólans bendir á að skólinn finni fyrir síaukinni eftirspurn og séu umsóknir enn að berast skólanum. Þær kennsluáferðir sem viðhafðar séu í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum, þ.e. jöfn áhersla á handverk, listir og bóklegt nám, auk mikillar útikennslu, hafi leitt til þess að áhugi á skólanum hafi aukist mjög undanfarin ár.

Þann 17. apríl sl. sendi skóla- og frístundasvið Waldorfskólanum í Lækjarbotnum bréf þar sem fram kom að erindi skólans hafi verið móttakið og það verði tekið til skoðunar. Var skólanum boðið að koma að frekari athugasemdum fyrir 1. maí.

Þann 17. apríl sl. sendi skóla- og frístundasvið International School of Iceland, Barnaskóla Hjallastefnunnar og grunnskólanum NÚ Framsýn bréf þar sem tilkynnt var að fyrirhugað væri að leggja til við skóla- og frístundaráð að viðmið um hámarksfjölda nemenda héldist óbreytt skólaárið 2018-19 að því undanskildu að viðmið um hámarksfjölda nemenda í Barnaskóla Hjallastefnunnar yrði lækkað úr 10 nemendum í 5 nemendur. Var skólunum veittur kostur á að koma að sjónarmiðum sínum vegna þessa eigi síðar en 1. maí. Engar athugasemdir bárust frá skólunum.

Í 43. gr. a - f laga um grunnskóla nr. 91/2008 er fjallað um sjálfstætt rekna grunnskóla. Í ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008, reglugerð um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólahald skv. erlendir eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan nr. 699/2012 eða reglugerð nr. 1270/2016 um ákvörðun framlaga úr sveitarsjóði

er ekki kveðið beint á um réttarstöðuna milli sveitarélags og sjálfstætt rekens grunnskóla þegar sótt er um innritun í sjálfstætt rekinn grunnskóla fyrir barn sem á lögheimili í öðru sveitarfélagi en skólinn er staðsettur í.

Ekki er gert ráð fyrir að samningur sé gerður milli viðkomandi sveitarfélags og viðkomandi grunnskóla og á sveitarfélagið því ekki aðkomu að málum sem varða innritun, gjaldtöku eða skólagöngu barnsins, m.a. vegna þeirrar sérfræðipjónustu sem hlutaðeigandi barn kann að þurfa. Þetta hefur m.a. þau áhrif að sveitarfélag getur ekki í þjónustusamningi takmarkað þann fjölda nemenda sem sækja sjálfstætt rekinn grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags líkt og kveðið er á um að heimilt sé að gera í þjónustusamningi gagnvart sjálfstætt reknum grunnskóla í viðkomandi sveitarfélagi.

Þrátt fyrir framangreint er það mat skóla- og frístundasviðs að sveitarfélagi sé heimilt á grundvelli framangreinds lagaákvæðis í grunnskólalögum og stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélaga til sjálfstjórnar skv. 78. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 að takmarka fjárframlög sín til sjálfstætt rekinnna grunnskóla utan sveitarfélagsins en tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir, sbr. einnig 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Við það er miðað að sama framlag verði greitt til sjálfstætt rekinnna grunnskóla utan Reykjavíkur og gilda skv. 3. gr. reglugerðar nr. 1270/2016 um ákvörðun framlaga úr sveitarsjóði til sjálfstætt rekinnna grunnskóla en þar kemur fram að útreikningur Hagstofu Íslands vegna komandi skólaárs skal liggja fyrir í september ár hvert. Útreikningur skal byggður á ársreikningum sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til þess dags sem útreikningur er gerður. Verðlagsbreytingar skulu taka mið af almennum launahækkunum starfsmanna grunnskóla og breytingum á vísitölu neysliverðs að teknu tilliti til vægis hvors þáttar fyrir sig í rekstrarkostnaði grunnskólanna. Hagstofa Íslands tekur saman 90 dögum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur og birtir fimmta dags hvers mánaðar, á tímabilinu frá október og fram til ágúst, framreiknað framlag skv. 1. mgr. Við framreikning þess skal tekið tillit til verðlagsbreytinga sem orðið hafa frá ákvörðun framlags skv. 1. mgr., þ.e. almennra launahækkana starfsmanna grunnskóla og breytinga á vísitölu neysliverðs, miðað við vægi hvors þáttar í rekstrarkostnaði grunnskóla.

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 1.806.963 í apríl 2018. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegt framlag sveitarfélags á hvern nemanda í sjálfstætt reknum grunnskóla kr. 1.355.222.-

Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar vegna hvers nemanda að því gefnu að pláss sé fyrir hann í grunnskóla Reykjavíkurborgar er u.þ.b. 700.000- eða u.þ.b. 39% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði á hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Heildargreiðslur vegna 10 reykvískra nemenda til viðbótar til Waldorfskólans í Lækjarbotnum, 10 x 1.355.222, verða því kr. 13.555.220,- á ársgrundvelli miðað við að greitt sé 75% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði.

Aukinn kostnaður skóla- og frístundasviðs vegna greiðslu framlags vegna 13 reykvískra nemenda á árinu 2018 er kr. 7.418.059.-

Ekki er gert ráð fyrir auknum framlögum frá því sem nú er til Waldorfskólans Lækjarbotna í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2018.

Kópavogur, 4. apríl 2018

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar  
Helgi Grímsson & Skúli Helgason  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

**Erindi:**

**Aukinn fjöldi nemenda í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum sem hafa lögheimili í Reykjavík – ósk um nýjan samning**

Góðan dag.

Sú staða blasir við Waldorfskólanum í Lækjarbotnum að heildarfjöldi nemenda við skólann mun aukast haustið 2018 og er aukning umsókna frá fjölskyldum búsettum í Reykjavík hlutfallslega meiri en frá öðrum sveitarfélögum. Af þessum sökum mun fjöldi þeirra barna sem eru með skráða búsetu í Reykjavík haustið 2018 vera alls 56, en sú tala er umfram gefinn kvóta frá Skóla- og frístundasviði, sem er 54 börn.

**Við óskum því hér með formlega eftir því að skóla- og frístundasvið Reykjavíkur geri við okkur nýjan samning, að kvóti nemenda sem greidd eru námsvistargjöld fyrir verði aukinn úr 54 börnum í 64, og að sú tala verði endurskoðuð árið 2019.**

Ástæða þess að við óskum eftir meira svigrúmi en núverandi umsóknir kalla á er sú að við finnum fyrir síaukinni eftirspurn og umsóknir um skólavist eru enn að berast okkur. Þær kennsluáðferðir sem viðhafðar eru í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum, þ.e. jöfn áhersla á handverk, listir og bóklegt nám auk mikillar útikennslu, nýtur sívaxandi viðurkenningar í vestrænu skólakerfi og því hefur áhugi á skólanum okkur aukist gífurlega undanfarin ár.

Í samanburði við aðra grunnskóla er Waldorfskólinn í Lækjarbotnum lítil rekstrareining en þrátt fyrir það bjóðum við uppá mjög metnaðarfullt skólastarf sem felur í sér framsækna menntun, draumaskólaumhverfi, 100% lífrænan mat, skólarútur, sérkennslu og margs konar úrræði fyrir börn með sérþarfir, s.s.tónlistar- og hrynlistarþerapíu og tónmeðferð, svo eitthvað sé nefnt. Metnaður okkar fer ekki minnkandi og framtíðarsýn okkar gerir ráð fyrir 100-110 nemendum við skólann. Sökum aukins kostnaðar sér í lagi launakostnaðar, mun rekstrargrundvöllur skólans bresta ef möguleiki okkar til að stækka hann með því að fjölga nemendum er hindraður.

Fordæmi eru fyrir því að skóla- og frístundasvið Reykjavíkur hafi gert samsvarandi breytingar á samningi við aðra sjálfstæða skóla og þess vegna gerum við ráð fyrir því að þetta verði auðsótt. Að auki gerum við ráð fyrir því að sveitarfélagið Reykjavík vilji ekki mismuna fjölskyldum þegar kemur að vali foreldra um grunnskóla fyrir barnið sitt.

Meðfylgjandi bréfi þessu er listi með nöfnum, heimilisföngum og kennitölum þeirra reykvísku barna sem munu halda áfram í skólanum á næsta skólaári auk lista yfir nýskráð reykvísk börn sem hefja hér nám haustið 2018.

Með kveðju og ósk um skjót viðbrögð,

 WALDORFSKÓLINN  
LÆKJARBOTNUM

---

f.h. Waldorfskólans í Lækjarbotnum  
Helena Stefánsdóttir  
fjármálastýra